

AUGLÝSING

um friðlýsingu menningarminja.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur forsætisráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa eftirtalin mannvirki:

1. Handverks- og hússtjórnarskólann á Hallormsstað (fastanr. 217-5074). Friðlýsingin nær til ytra borðs skólahússins ásamt upprunalegum innréttingum í vefstofu, skrifstofu skólastjóra, anddyri og svokallaðri Höll, sem er samkomustaður í miðju hússins. Undanþegnar friðlýsingu eru seinni tíma viðbyggingar og múrklæðning á útveggjum.
2. Ísólfskála á Stokkseyri (fastanr. 219-9823). Friðlýsingin nær til hússins í heild ásamt steinhlaðinna garða á lóðarmörkum.

Forsætisráðuneytinu, 7. september 2016.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Arnljótsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 22. september 2016